

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING

Í tilefni af því að þrír áratugir eru liðnir frá því að stjórnmálasambandi milli Íslands og Eistlands, Lettlands og Litháen var aftur komið á.

Þann 26. ágúst 1991 hittust Lennart Meri, utanríkisráðherra Eistlands, Janis Jukans, utanríkisráðherra Lettlands og Agirdas Saudargas, utanríkisráðherra Litháen og Jón Baldwin Hannibalsson, utanríkisráðherra Íslands í Höfða, Reykjavík, til að undirrita sameiginlega yfirlýsingum um að koma aftur á stjórnmálasambandi.

Yfirlýsingin var fyrsta viðurkenning annars ríkis á endurreistu sjálfstæði Eistlands, Lettlands og Litháen sem síðar varð viðurkennt af alþjóðasamfélaginu.

Í dag hittast utanríkisráðherrar Eistlands, Íslands, Lettlands og Litháen aftur í Reykjavík. Miklu hefur verið áorkað á síðastliðnum þremur áratugum stjórnmálasbands okkar. Löndin eru nánar bandalagsþjóðir innan Atlantshafssbandalagsins - öflugasta bandalagsins um sameiginlegar varnir - og sannir samstarfsaðilar í stjórnmálalegu og efnahagslegu samstarfi í Evrópu og á alþjóðavettvangi. Þau standa saman hlið við hlið til að mæta þeim öryggisógnum og áskorunum sem við stöndum frammi fyrir í dag.

Ráðherrarnir áréttu að þeir fordæma harðlega tilefnislaust, óréttlætanlegt og ólöglegt stríð Rússa í Úkraínu sem er skýrt brot á alþjóðalögum og gegn sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Grimmilegar árásir Rússa hafa haft skelfilegar afleiðingar í Úkraínu og hafa ekki aðeins valdið gríðarlegum þjáningum óbreyttra borgara heldur einnig alvarlegum langvarandi afleiðingum í alþjóðastjórnálum, á efnahag og orsakað mannúðarvanda um alla veröld. Ráðherrarnir lögðu áherslu á staðfasta samstöðu með úkraínsku þjóðinni og áréttuðu viðvarandi skuldbindingu sína um að veita Úkraínu frekari stuðning í viðnámi sínu gegn árásum Rússa og á fremstu vígstöðvum baráttunnar í þágu allrar Evrópu og sameiginlegra gilda okkar.

Á grunni þess stjórnmálasbands sem komið var á fyrir 100 árum og sem endurnýjað var árið 1991 og þeirra nánu og blómlegu tengsla sem þessi þrjú lönd og Ísland njóta áréttu utanríkisráðherrarnir, af þessu hátiðlega tilefni, stjórnmálalega samstöðu sína og ríka hagsmuni af því að rækta sameiginlega vináttu, styðja við tvíhlíða viðskipti og tengsl auk þess að efla alþjóðlega samvinnu.

Ráðherrarnir undirstrika viðavarandi skuldbindingar sínar um marghliða samvinnu, reglugrunndaða heimsskipan, útbreiðslu mannréttinda og lýðræðið og réttarríkið. Löndin hafa með sér nána samvinnu á svæðisbundnum og alþjóðlegum vettvangi innan Sameinuðu þjóðanna, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, Evrópuráðinu og annarra alþjóðastofnana. Þeir undirstrika nauðsyn öryggis- og varnarsamvinnu sem bandalagsþjóðir innan Atlantshafssbandalagsins og einarðar stuðningsþjóðir samvinnu þjóða beggja vegna Atlantshafsins, sem er hornsteinn öryggis og stöðugleika innan Evrópu og á Atlantshafssvæðinu. Ráðherrarnir eru staðráðnir, með hið síbreytilega ástand öryggismála í huga, einkum að því er varðar stríð Rússlands gegn Úkraínu, í að efla enn frekar sameiginlegar aðgerðir til að styrkja sameiginlegar varnir og fælingarmátt og auka viðnámsþrótt gagnvart ógnum í netheimum og fjölpáttu ógnum, þ.m.t. aðgerðum til að dreifa villandi upplýsingum og aðgerðir til að hafa áhrif á afstöðu fólks. Enn fremur mun innganga Finnlands og Svíþjóðar í Atlantshafssbandalagið auka öryggi og stöðugleika á öllum Norðurslóðum og á Eystrasaltssvæðinu og efla bandalagið.

Eistland, Ísland, Lettland og Litháen eru nái samstarfslönd í Evrópu innan ramma Evrópska efnahagssvæðisins. Ráðherrarnir eru einarðir stuðningsmenn fríverslunar og mikilvægis

Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar fyrir útbreiðslu öflugs og trausts reglugrundaðs marghliða viðskiptakerfis. Þeir fagna líka náinni samvinnu um efnahags- og þróunarmál innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar og fagna einnig auknum tengslum milli fyrirtækja, nýsköpunarsamfélagsins og stafrænna leiðtoga í löndunum. Líflegt menningarsamstarf og mikill samgangur á milli manna hefur mikið gildi í sjálfu sér en er einnig nauðsynlegur hluti sameiginlegs vettvangs fyrir framtíðartengsl okkar.

Viðbrögð við loftslagsbreytingum eru mikilvægari en nokkru sinni fyrr og forgangsatriði í samstarfi okkar. Ráðherrarnir eru staðráðnir í að starfa saman til að draga úr loftslagsbreytingum, þ.m.t. með sjálfbærum grænum orkulausnum, kolefnisförgun og fjarlægingu, öðrum grænum tæknilausnum og náttúrumiðuðum lausnum heimafyrir og hnattrænt. Nauðsynlegt er að auka fjölbreytni orkugjafa og draga jafnframt úr því hve háð við erum jarðefnaeldsneyti.

Ráðherrarnir áréttu að þeir hafa afráðið að vinna saman að eflingu öryggis, nýsköpunar og samkeppnishæfni Norðurslóða og Eystarsaltssvæðisins og leggja í því samhengi áherslu á nauðsyn þess að efla svæðisbundna samvinnu á vettvangi skipulags NB8-ríkjanna, Eystrasaltsamvinnunnar auk samvinnu á Norðurheimskautssvæðinu.

Gjört í Höfða

26. ágúst 2022

Urmas Reinsalu
Utanríkisráðherra Eistlands

Edgars Rinkēvičs
Utanríkisráðherra Lettlands

Gabrielius Landsbergis
Utanríkisráðherra Litháen

Þórdís Kolbrún Reykfjörð
Gylfadóttir
Utanríkisráðherra Íslands